

# D Ó M U R

**Héraðsdóms Reykjavíkur 5. janúar 2018 í máli nr. E-3331/2016:**

**A**

*(Ólafur Kjartansson hdl.)*

**gegn**

**Tryggingamiðstöðinni hf. og**

*(Valgeir Pálsson hrl.)*

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

*(Kristín Edwald hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 15. desember 2017, var höfðað 28. október 2016 af hálfu A, [...] á hendur Tryggingamiðstöðinni hf., Síðumúla 24, Reykjavík og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut í tveimur slysum.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 5.465.219 krónur ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. nóvember 2016 til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess að stefndu verði hvor um sig dæmdur til að greiða sér 2.732.610 krónur ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. nóvember 2016 til greiðsludags. Í báðum tilvikum er þess endanlega krafist að stefndu greiði stefnanda málskostnað að skaðlausu eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., krefst þess endanlega, aðallega að félagið verði sýknað af aðalkröfu stefnanda og að varakröfu hennar verði vísað frá dómi, en krafist er sýknu af varakröfu stefnanda til vara. Þess er einnig aðallega krafist að stefnanda verði gert að greiða þessum stefnda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins. Þá er til vara vegna aðalkröfu stefnanda og til þrautavara vegna varakröfu hennar krafist lækkunar á kröfum stefnanda og þess að málskostnaður verði látinn niður falla. Verði bætur dæmdar er þess krafist að þær beri 4,5% ársvexti frá 28. október 2012 til endanlegs dómsuppsögudags, en frá þeim degi til greiðsludags er fallist á að bótafjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., krefst þess endanlega, aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómsins. Til vara er þess krafist að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

Í greinargerðum stefndu var þess aðallega krafist að málinu yrði vísað frá dómi. Með úrskurði dómsins 31. mars 2017 var þeim kröfum stefndu hafnað.

### **Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna**

Stefnandi lenti í umferðarslysi þann 30. apríl 2006 þegar bifreiðinni [...] var ekið aftan á bifreið sem hún var farþegi í. Bifreiðin [...] var með ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. (Sjóvá). Eftir slysið leitaði stefnandi lækni og var þá með verk í hálsi. Mánuði síðar, 30. maí 2006, lenti stefnandi aftur í umferðarslysi þegar bifreiðinni [...] var ekið aftan á bifreið sem stefnandi var þá farþegi í. Bifreiðin [...] var vátryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Tryggingamiðstöðinni hf. (TM). Stefnandi leitaði samdægurs á slysadeild Landspítalans og var talið að við áreksturinn hefði hún hlotið tagnun á háls og lendarhrygg.

Enginn ágreiningur var um að stefnandi ætti rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingum fyrrgreindra bifreiða hjá stefndu vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í umferðaróhöppunum. Stefnandi og stefndu, TM og Sjóvá, óskuðu sameiginlega á árinu 2007 eftir mati tveggja lækna á afleiðingum slysanna. Í matsgerð 19. desember 2007 mátu lækarnir varanlega örorku stefnanda í heild 10% vegna slysanna tveggja og skiptist hún jafnt á milli þeirra. Tíu miskastigum var skipt með sama hætti og var því varanlegur miski metinn 5 stig og varanleg örorka metin 5% vegna hvors slyss. Vegna beggja slysanna var heilsa stefnanda talin vera stöðug frá 30. október 2006. Fullnaðaruppgjör vegna fyrra slyssins fór fram 25. janúar 2008 með því að stefndi Sjóvá greiddi stefnanda bætur að fjárhæð 2.393.648 krónur. Sama dag voru fullnaðarbætur til stefnanda vegna síðara slyssins greiddar af stefnda TM með eftirstöðvum að fjárhæð 2.558.207 krónur. Stefnandi tók við bótunum án fyrirvara í báðum tilvikum. Ágreiningur málsins lýtur að því hvort stefnandi eigi rétt á frekari bótagreiðslum frá stefndu vegna afleiðinga þessara tveggja slysa.

Með matsbeiðni 24. febrúar 2016 óskaði stefnandi dómkvaðningar matsmanns til að meta í fyrsta lagi hvort komið hefðu fram frekari lækni-fræðilegar afleiðingar vegna slysanna í lok apríl og maí árið 2006, en þær sem komnar voru fram 19. desember 2007. Í öðru lagi, væri svarið við fyrstu spurningunni játandi, hver væri varanlegur miski vegna þessara „viðbótar lækni-fræðilegu afleiðinga“ og hvernig honum yrði skipt á milli slysanna. Loks var þess í þriðja lagi óskað að lagt yrði mat á það hver væri varanleg örorka stefnanda af völdum slysanna og hvernig hún skiptist á milli þeirra. Kristinn Tómasson, sérfræðingur í embættislækningum og geðlækningum, var dómkvaddur 22. apríl 2016 til að framkvæma hið umbeðna mat

og er matsgerð hans dagsett 27. september 2016. Kemst hann að þeirri niðurstöðu að stefnandi búi við frekari læknisfræðilegar afleiðingar af slysunum en þær sem komnar hafi verið fram 19. desember 2007. Varanlegur miski væri 10 miskastig af völdum umræddra slysa umfram það sem áður hefði verið metið. Á grundvelli fyrirliggjandi gagna sé ekki annað unnt en skipta miskanum að álitum jafnt á milli slysanna eða 5 stig vegna slyssins 30. apríl 2006 og 5 stig vegna slyssins 30. maí 2006. Viðbótarörorka stefnanda vegna „ófyriséðrar versnunar á geðheilsu með versnun sállíkamlegra einkenna“ væri 10% vegna beggja slysanna sem skiptist jafnt að álitum, 5% vegna slyssins 30. apríl 2006 og 5% vegna slyssins 30. maí 2006.

Með bréfum lögmanns stefnanda 6. október 2016 var óskað eftir afstöðu stefndu til endurupptöku slysamálanna á grundvelli matsgerðarinnar. Í tölvupósti stefnda Sjóvá til lögmanns stefnanda 30. september 2016 hafði bótaskyldu þegar verið hafnað og talið að skilyrði 11. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, til endurupptöku væru ekki uppfyllt. Áður en stefndi TM hafði tekið afstöðu til bréfs lögmanns stefnanda var dómsmál þetta höfðað. Við aðalmeðferð málsins kom hinn dómkvaddi matsmaður fyrir dóminn og gaf skýrslu.

### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

#### *Aðild*

Stefnandi sæki bætur fyrir líkamstjón vegna tveggja umferðarslysa sem hún hafi lent í. Tjónvaldar hafi ekið bifreiðunum [...] og [...], sem tryggðar hafi verið ábyrgðartryggingu hjá stefndu og sé kröfum beint að þeim með heimild í 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Slysin tvö, með 30 daga millibili, hafi verkað sem samverkandi tjónvaldur. Ekki verði með rökstuddum hætti skilið á milli og sé tjón stefnanda vegna beggja slysanna. Stefnanda verði ekki gert að bera viðbótaskyldu sitt sjálf af þeirri ástæðu einni að tjóni sé skipt að álitum milli slysanna með tilteknum hætti. Stefndu séu sem ábyrgðartryggjendur í sömu aðstöðu gangvart stefnanda vegna samverkandi tjónsorsaka. Henni sé því heimilt að reka eitt mál á hendur stefndu með vísan til 19. gr. laga nr. 91/1991.

#### Skilyrði endurupptöku

Skilyrði endurupptöku samkvæmt 11. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, um að ófyrisjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola þannig að ætla megi að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður hafi verið talið, sé uppfyllt. Með matsgerð Kristins Tómassonar og fyrirliggjandi gögnum sé sannað að ófyrisjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu stefnanda. Í matsgerð hans séu borin saman einkenni stefnanda þegar hið fyrra mat hafi farið fram og ástand hennar síðar. Niðurstaða matsmanns sé að aukið umfang kvíða og depurðar hjá viðkvæmum einstaklingi með langvarandi stoðkerfisvandamál með verkjum og

hreyfiskerðingu sé vel þekkt og ferli stefnanda innan marka. Til staðar séu frekari líkamleg einkenni, í formi vefjagigtar með streitubundna álagsverki sem fylgikvilla eða hluta birtingarmyndar versnandi geðheilsu, sem rekja megi til slysanna árið 2006. Þessi einkenni stefnanda séu umfram það sem fyrir hafi legið í matsgerð frá 19. desember 2007. Um sé að ræða óvænta versnun. Því hafi frekari læknisfræðilegar afleiðingar af slysunum 30. apríl og 30. maí 2006 komið fram, sem sannanlega megi rekja til slysanna.

Nokkru eftir slysin hafi einkenni stefnanda ágerst og valdið versnandi geðheilsu með verulegum sállíkamlegum einkennum. Í áverkavottorði frá 5. febrúar 2016, vottorði Helga Jónssonar geðlæknis frá 20. maí 2016 og öðrum gögnum komi fram að stefnandi þjáist af þunglyndi og kvíðaröskun og sé greind með vefjagigt. Löng saga sé um slæma höfuðverki og eigi stefnandi í erfiðleikum með að stunda vinnu eða nám þar sem krafist sé einbeitingar eða langvarandi setu. Einkenni séu varanleg. Í fyrri matsgerð hafi tjón stefnanda vegna versnandi geðheilsu og vefjagigtar ekki verið metið. Í matsgerðinni frá 19. desember 2007 sé stefnandi eingöngu greind með tognun í hálsi og baki. Í því mati séu hvergi teknar til mats sálrænar afleiðingar slysanna. Fyrri skilyrðið sé því uppfyllt með því að fyrir hendi séu ófyrirsjáanlegar breytingar á heilsufari stefnanda, til viðbótar þeim einkennum sem metin hafi verið í fyrri matsgerð.

Breytingar á heilsufari stefnanda, 10 stiga hækkun á miska og 10% hækkun á varanlegri örorku, séu verulegar í skilningi skaðabótalaga. Í matsgerð Kristins Tómassonar sé varanlegur miski metinn 10 stig umfram það sem áður hafi verið metið. Þá sé horft til versnandi geðheilsu með verulegum sállíkamlegum einkennum. Tekið sé fullt tillit til breytinga á heilsufari stefnanda vegna annarra atburða 2013 eins og matsmaður tilgreini. Í matsgerðinni sé varanleg örorka alls vegna slysanna metin 20%, þar af séu 10% áður metin í fyrri matsgerð. Viðbót varanlegrar örorku sé því 10% sem teljist veruleg í skilningi skaðabótalaganna.

Stefndu beri sameiginlega og óskipta skaðabótaábyrgð á tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir í slysunum á grundvelli samverkandi tjónsorsaka. Hinar ófyrirsjáanlegu og verulegu breytingar sem orðið hafi á heilsu stefnanda séu tilkomnar vegna langvarandi verkjaástands í kjölfar slysanna beggja. Slysin tvö hafi verið samverkandi tjónsorsök þannig að ekki verði greint á milli og ekki sé hægt að líta á slysin sem tvo sjálfstæða og aðskilda tjónsatburði. Stöðugleikapunktur vegna slysanna hafi verið metinn hinn sami og séu bæði slysin nauðsynleg orsök fyrir tjóni stefnanda. Langvarandi líkamleg einkenni sem rakin verði til langvinnis verkjaástands og hreyfiskerðingar í kjölfar slysanna valdi hinum ófyrirsjáanlegu og

verulegu breytingum á heilsu stefnanda. Alvarleg langvinn einkenni depurðar og kvíða séu metin til 20 miskastiga, en varanlegur miski til viðbótar sé metinn 10 stig. Varanlegur miski vegna slysanna sé metinn í einu lagi og hafi matsmaður ekki treyst sér til annars, grundvallað á gögnum málsins, en að skipta miska vegna slysanna *að álitum* að jöfnu. Ekki verði með rökstuddum hætti greint á milli afleiðinga slysanna og hafi þau því sameiginlega valdið stefnanda varanlegu heilsutjóni.

Við mat á varanlegri örorku sé heildaraflatjón stefnanda vegna slysanna talið jafngilda 20% varanlegri örorku. Því sé varanleg örorka til viðbótar vegna ófyrirsjáanlegrar versnunar á geðheilsu með versnun sállíkamlegra einkenna 10% vegna slysanna 2006. Afleiðingar slysanna séu metnar saman í einu lagi en varanlegri örorku skipt að jöfnu milli slysanna *að álitum*. Í matsgerð læknanna Atla Þórs Ólasonar og Leifs N. Dungal sé komist að sömu niðurstöðu þannig að afleiðingar slysanna hafi verið metnar í heild og skipt síðan jafnt milli slysanna. Í allri umfjöllun sé fjallað um slysin í einni heild og hvergi gerð tilraun til að greina með rökstuddum hætti á milli afleiðinga hvors slyss um sig. Afleiðingar slysanna séu svo samtvinnaðar og samverkandi að ekki verði greint á milli.

Meta verði skilyrði endurupptöku sérstaklega í hverju tilviki fyrir sig og hvort þau séu uppfyllt. Tjón stefnanda sé til komið vegna tveggja tjónsorsaka. Reglan um endurupptöku sé sett tjónþola til hagsbóta og verði eingöngu beitt að hans beiðni. Aðstæður séu hér þær að miskastig og örorkustig séu metin verulega hærri en áður hafi verið talið. Í athugasemdum með frumvarpi til skaðabótalaga sé áréttað að skilyrði fyrir endurupptöku séu í samræmi við almennar reglur fjármunaréttar og verði að meta hagsmuni tjónþola af endurupptöku með hliðsjón af þeirri athugasemd. Stefnandi verði ekki látin bera hallann af því að hinar verulegu breytingar sem orðið hafi á heilsu hennar verði raktar til tveggja aðskilinna en samverkandi tjónsorsaka. Ábyrgð stefndu sem ábyrgðartryggjenda á bifreiðum þeim sem slysunum hafi valdið sé sameiginleg og óskipt.

Einnig sé byggt á 36. gr. samningalaga, nr. 7/1936. Ósanngjarn sé fyrir stefnanda að stefndu beri fyrir sig samkomulag um fullnaðaruppgjör vegna síðari framkominna atvika. Verulegar breytingar hafi orðið á heilsufari stefnanda til viðbótar þeim einkennum sem staðfest séu í matsgerð Atla Þórs Ólasonar og Leifs N. Dungal. Þær séu metnar 10% varanlegur miski og 10% varanleg örorka, sem skipt sé að álitum jafnt milli slysanna. Þessar breytingar hafi verið ófyrirséðar og verulegar og ljóst sé að stefnandi hefði aldrei gengið til fullnaðaruppgjörs hefðu þær legið fyrir. Fram hafi komið geðræn vandamál vegna langvarandi verkja og

hreyfiskerðingar og stefnandi sé greind með vefjagigt. Fjárfrafa stefnanda taki mið af því að fyrri fullnaðaruppgjör verði fellt niður og stefndu dæmdir til að greiða stefnanda bætur vegna þess viðbótartjóns sem hún hafi orðið fyrir.

Skilyrði 11. gr. skaðabótalaga fyrir endurupptöku væru uppfyllt þó svo að ekki væri um að ræða samverkandi tjónsorsakir. Um sé að ræða aðrar afleiðingar en metnar hafi verið í fyrri matsgerð, en varanleg örorka og varanlegur miski tvöfaldist frá fyrri matsgerð. Afleiðingar slysanna séu því verulega meiri fyrir stefnanda en metnir hafi verið áður og því séu skilyrði ákvæðisins uppfyllt.

*Varakrafa* stefnanda byggji á því að stefndu beri hvor um sig ábyrgð á helmingi afleiðinga slysanna í samræmi við niðurstöðu í matsgerð Kristins Tómassonar.

#### Fjárfrafa

Aðalkrafa stefnanda sundurliðast svo:

Vegna varanlegs miska	kr. 1.055.200
Vegna varanlegrar örorku	kr. 3.529.915
4,5 % vextir frá 1.11.2012 til 1.11.2016	kr. 880.104
<b>Alls</b>	<b>kr. 5.465.219</b>

Í varakröfu sé fjárhæð skipt jafnt milli slysanna og sundurliðast þá krafan á hendur hvorum stefnda um sig svo:

Vegna varanlegs miska	kr. 527.600
Vegna varanlegrar örorku	kr. 1.764.958
4,5 % vextir frá 27.10.2012 til 27.10.2016	kr. 440.052
<b>Alls</b>	<b>kr. 2.732.610</b>

Í báðum tilvikum sé krafist dráttarvaxta frá þingfestingardegi.

#### Lagarök

Stefnandi byggji á reglum skaðabótaréttar um samverkandi tjónsorsakir, skaðabótalögum, nr. 50/1993, 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, nr. 7/1936, og 19. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Um dráttarvaxtakröfu vísist til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 og krafa um málskostnað byggji á 130. gr. laga nr. 91/1991.

#### **Málsástæður og lagarök stefnda Tryggingamiðstöðvarinnar hf.**

##### *Krafa um frávísun varakröfu*

Stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni í tveimur umferðarslysum, annars vegar 30. apríl 2006 og hins vegar 30. maí 2006. Stefndi Sjóvá beri fébótaábyrgð á því líkamstjóni sem stefnandi hafi hlotið í slysinu 30. apríl 2006, en stefndi TM beri fébótaábyrgð á líkamstjóninu sem stefnandi hafi hlotið við slysið 30. maí 2006.

Ekki fari á milli mála að hér sé um tvo skýrt afmarkaða og aðgreinda tjónsatburði að ræða jafnvel þótt einungis einn mánuður hafi liðið á milli þeirra. Sömu líkamshlutar hafi orðið fyrir áverkum við bæði slysin og afleiðingar séu metnar hinar sömu af völdum þeirra beggja. Með tveimur matsgerðum, annars vegar matsgerð læknanna Atla Þórs Ólasonar og Leifs N. Dungal 19. desember 2007 og hins vegar matsgerð Kristins Tómassonar 27. september 2016, hafi með skýrum og afdráttarlausum hætti verið komist að niðurstöðu um hver sé varanlegur miski og varanleg örorka stefnanda af völdum hvors slyss. Engin tengsl séu á milli tjónsatburðanna tveggja og reglur skaðabótaréttar um samverkandi tjónsorsakir eigi hér ekki við. Dómkröfur stefnanda eigi því ekki rætur að rekja til neinnar slíkrar sameiginlegrar aðstöðu hinna stefndu váttryggingafélaga að henni sé heimilt að sækja málið á hendur þeim í sama dómsmálinu, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Skilyrðum samlagsaðildar samkvæmt lagaákvæðinu sé því ekki fullnægt og því sé krafist frávísunar á varakröfu stefnanda.

#### *Krafa um sýknu af aðalkröfu stefnanda*

Stefndi TM byggi sýknukröfu sína í málinu á því að enginn grundvöllur sé til þess að stefndu beri óskipta ábyrgð á tjóni stefnanda. Einnig byggi hann á því að skilyrði 11. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, til endurupptöku séu ekki uppfyllt, enda teljist 5% breyting á heilsu ekki veruleg breyting. Stefnandi hafi sönnunarbyrði um það að skilyrðum 11. gr. skaðabótalaga sé fullnægt þannig að heimilt sé að taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska og varanlega örorku.

Stefnandi byggi á því að andleg heilsa hennar hafi versnað ófyrirséð eftir að örorka hennar af völdum beggja slysanna hafi verið metin í desember 2007 og tjón vegna þeirra gert upp í kjölfarið. Einnig byggi hún á því að ekki sé unnt að líta á slysin sem tvo sjálfstæða og aðskilda tjónsatburði „bæði slysin sé nauðsynleg orsök fyrir tjóni stefnanda“. Líkamleg sem andleg einkenni sem hún búi við verði rakin til beggja slysanna án þess að greint verði á milli. Virðist og á því byggt að hinn dómkvaddi matsmaður hafi ekki treyst sér á grundvelli gagna málsins til annars en að skipta miska vegna slysanna að álitum að jöfnu á milli þeirra. Verði þannig ekki með rökstuddum hætti greint á milli afleiðinga slysanna og hafi þau sameiginlega valdið því varanlega heilsutjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir. Þessum málsástæðum stefnanda sé mótmælt sem röngum og geti dómsniðurstæða ekki byggst á þeim.

Um það sé vart deilt að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni í tveimur árekstrum með eins mánaðar millibili. Um hafi verið að ræða tvo sjálfstæða skráða tjónsatburði þar sem hvor sinn tjónvaldurinn hafi átt hlut að máli og þeir hafi engin

tengsl haft sín í milli. Tjón sem orðið hafi á líkama stefnanda við fyrra slysið hafði óumdeilanlega orðið þegar síðara slysið varð, þótt afleiðingar þess hefðu þá ekki verið metnar á grundvelli skaðabótalaga. Þótt stefnandi hafi hlotið áverka á sömu líkamshluta í báðum árekstrunum, þ.e. tognunaráverka á háls og bak, sé samkvæmt reglum skaðabótaréttar ekki um samverkandi tjónsorsakir að ræða. Í samræmi við áratuga langa réttarframkvæmd hafi í fyrirliggjandi matsgerðum verið lagt mat á varanlegar afleiðingar af völdum hvors slyss. Vissulega sé það í öllum tilvikum svo, þegar lagt sé mat á afleiðingar líkamstjóna af völdum slysa, að huglægt mat þess eða þeirra sem framkvæmi mat hverju sinni ráði að verulegu leyti matsniðurstöðunni. Það liggi því í hlutarins eðli að niðurstaða mats sé fengin *á álitum* þess sem matið framkvæmi. Þótt svo hefði verið tekið til orða í niðurstöðukafla í matsgerð hins dómkvadda matsmanns að ekki sé annað hægt á grundvelli gagna málsins „en að skipta miska að álitum jafnt á milli slysanna“ feli það ekki annað í sér en að matsmaðurinn álíti að ósannað sé að annar tjónsatburðurinn hafi valdið meira líkamstjóni en hinn. Þessi niðurstaða matsgerðarinnar feli með engu móti í sér að um samverkandi tjónsorsakir hafi verið að ræða í skilningi skaðabótaréttar sem leitt geti til þess að stefnandi eigi óskipta kröfu á hendur hinum stefndu félögum eins og hún geri í aðalkröfu sinni.

Í samræmi við beiðni stefnanda hafi í matsgerð hins dómkvadda matsmanns verið komist að ótvíræðri niðurstöðu um hver sé varanlegur miski og varanleg örorka af völdum hvors slyss um sig. Samkvæmt því og í ljósi framangreinds sé ekki grundvöllur til annars en að skoða og meta alveg sjálfstætt afleiðingar af völdum hvors tjónsatburðar fyrir sig þegar lagt sé mat á það hvort skilyrði endurupptöku þeirra séu fyrir hendi samkvæmt 11. gr. skaðabótalaga. Engar heimildir séu að lögum til að leggja saman og meta í einu lagi afleiðingar af völdum beggja slysanna þegar afstaða sé tekin til þess hvort lagaskilyrðum endurupptöku sé fullnægt. Í þessum efnun geti 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 engu breytt. Því séu engar heimildir fyrir hendi til að gera óskipta bótakröfu á hendur hinum stefndu váttryggingafélögum. Enn fremur verði að gera fyrirvara um að stefnandi hafi af völdum slysanna yfirhöfuð orðið fyrir frekari varanlegum einkennum en þeim sem metin hafi verið samkvæmt upphaflegri matsgerð í desember 2007. Verði af þessum sökum ekki hjá því komist að sýkna stefnda TM af aðalkröfu stefnanda.

#### *Krafa um sýknu af varakröfu stefnanda*

Samkvæmt 11. gr. skaðabótalaga sé að kröfu tjónþola heimilt að taka upp að nýju ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska eða örorkubætur. Skilyrði endurupptöku sé að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola þannig að ætla megi að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður hafi verið talið.

Afleiðingar slyssins 30. maí 2006, sem stefndi TM beri fébótaábyrgð á, hafi fyrst verið metnar af læknum Atla Þór Ólasyni og Leifi N. Dungal 19. desember 2007 þannig að varanlegur miski hafi verið metinn til 5 stiga og varanleg örorka 5%. Tjónið hafi verið gert upp á grundvelli þessa mats með fyrirvaralausum uppgjöri 25. janúar 2008. Með matsgerð dómkvadds matsmanns, Kristins Tómassonar geðlæknis, hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi hafi orðið fyrir ófyrirséðum andlegum einkennum af völdum slyssins þannig að varanlegur miski væri 5 stigum hærrí en hann hafi áður verið metinn og varanleg örorka væri 5% hærrí. Þótt af hálfu stefnda TM séu hafðar uppi verulegar efasemdir um að afleiðingar slyssins hafi í reynd valdið andlegum einkennum hjá stefnanda, einkum með tilliti til fyrri sjúkrasögu, sé ljóst að hækkun á varanlegum miska og varanlegri örorku af völdum slyssins samkvæmt matsgerð hins dómkvadda matsmanns feli ekki í sér verulega hækkun á miskastigi eða örorkustigi eins og áskilið sé svo að til endurupptöku geti komið. Hér tjói ekki að líta til hlutfallslegrar hækkunar. Það sé í samræmi við skýr dómafordæmi. Þegar af þeirri ástæðu beri einnig að sýkna hið stefnda félag af varakröfu stefnanda.

#### *Varakrafa stefnda Tryggingamiðstöðvarinnar hf.*

Verði aðalkrafa stefnda TM um sýknu ekki tekin til greina sé af hálfu félagsins byggt á því til vara að lækka beri dómkröfur stefnanda. Samkvæmt 1. gr. skaðabótalaga skuli sá sem bótaábyrgð beri á líkamstjóni greiða skaðabætur fyrir atvinnutjón, sjúkrakostnað og annað fjártjón sem af því hljótist og enn fremur þjáningabætur, svo og bætur fyrir varanlegan miska og varanlega örorku hafi líkamstjón varanlegar afleiðingar í för með sér. Vextir séu ekki meðal þeirra bótaþátta sem greiða skuli vegna líkamstjóns. Á hinn bóginn skulu m.a. bætur fyrir varanlegan miska og varanlega örorku bera 4,5% vexti á ári eins og nánar greini í 1. mgr. 16. gr. laganna. Ekki verði séð að heimilt sé að lögum að bæta áföllnum vöxtum frá 1. nóvember 2012 til 1. nóvember 2016 við höfuðstól dómkröfunnar eins og stefnandi geri kröfu um. Þessum lið dómkröfunnar, bæði í aðal- og varakröfu, sé því mótmælt og þess krafist að honum verði hafnað sem hluta af höfuðstól dómkröfunnar. Að öðru leyti séu ekki gerðar tölulegar athugasemdir við dómkröfur stefnanda.

#### *Málskostnaður*

Málskostnaðarkröfur stefnda séu reistar á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### **Málsástæður og lagarök stefnda Sjóvá-Almennra trygginga hf.**

Stefndi Sjóvá mótmæli öllum málsástæðum stefnanda og byggi aðallega á því að krafa stefnanda sé fyrnd og á því að skilyrði 11. gr. skaðabótalaga til endurupptöku séu ekki uppfyllt.

#### *Krafa um sýknu á grundvelli fyrningar kröfu stefnanda*

Viðbótarbótakrafa stefnanda vegna líkamstjóns, sem krafist sé greiðslu á og stefnandi telji að rekja megi til umferðarslyssins 30. apríl 2006, hafi verið fyrnd þegar málið hafi verið höfðað með birtingu stefnu 28. október 2016. Bótakrafan sé reist á ákvæðum XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987, en um fyrningu slíkra krafna gildi sérákvæði 99. gr. laganna. Samkvæmt ákvæðinu fyrnist bótakröfur samkvæmt XIII. kafla laganna gagnvart þeim sem ábyrgð beri, og váttryggingafélagi, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi hafi fengið vitneskju um kröfu sína og átt þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

Stefndi Sjóvá beri ekki fyrir sig að kröfur séu fyrndar á grundvelli 10 ára fyrningarfrestsins, sbr. loforð í tölvupóstsamskiptum milli stefnda Sjóvár og lögmanns stefnanda, en byggi hins vegar á því að krafa stefnanda hafi þegar verið fyrnd þegar lögmaður stefnanda hafi óskað eftir framlengingu á þeim fyrningarfresti í mars 2016. Skýr fyrirvari hafi verið gerður um það hjá stefnda Sjóvá við veitingu frestsins að kröfurnar kynnu þá þegar að vera fyrndar.

Við mat á því hvenær fyrningarfrestur samkvæmt 99. gr. umferðarlaga byrji að líða verði að miða við það tímamark þegar tjónþola hafi fyrst mátt vera ljóst að hann hefði hlotið varanleg mein af slysinu og hafi þar með átt þess kost að leita fullnustu kröfu sinnar. Í gögnum málsins megi sjá að þau *viðbótareinkenni* eða þær *ófyrirsjáanlegu breytingar* sem stefnandi telji að orðið hafi á heilsu sinni hafi öll verið fram komin á árinu 2010 eða í síðasta lagi á árinu 2011. Allar upplýsingar um mögulega viðbótarkröfu stefnanda hafi því legið fyrir í síðasta lagi 2011. Fyrningarfrestur hafi því í síðasta lagi byrjað að líða 1. janúar 2012 og hafi krafan því verið fyrnd 1. janúar 2016. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að nokkuð hefði staðið því í vegi að fyrir þann tíma hefði hún getað gert viðeigandi ráðstafanir til að leita fullnustu kröfu sinnar. Krafa stefnanda hafi því verið fyrnd á árinu 2016, en þá fyrst hafi verið hafist handa við að afla matsgerðar frá dómkvöddum matsmanni og undirbúa málshöfðun. Stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því að krafan sé ekki fyrnd, en það hafi ekki verið rökstutt í stefnu að krafan væri ófyrnd.

#### *Krafa um sýknu af kröfu um óskipta greiðslu (in solidum)*

Stefndi krefjist sýknu af aðalkröfu stefnanda um að stefndi Sjóvá verði dæmdur til að greiða stefnanda 5.465.219 krónur óskipt (in solidum) með meðstefnda TM.

Samkvæmt matsgerðinni sem málatilbúnaður stefnanda byggir á liggir fyrir hvernig meint óbætt tjón skiptist á milli slysanna tveggja. Því sé engin þörf né heimild til að beina óskiptri kröfu með sameiginlegri ábyrgð á hendur stefndu.

Engin rök standi til þess að stefndi Sjóvá verði dæmdur í sameiginlega ábyrgð með stefnda TM vegna annars sjálfstæðs tjónsatburðar sem átt hafi sér stað mánuði síðar og stefndi Sjóvá beri enga ábyrgð á. Með matsgerðinni sem stefnandi hafi aflað hafi þegar verið tekin afstaða til þess og það metið hvert hið mögulega óbætta tjón sé sem stefndi Sjóvá beri ábyrgð á. Þar sem skipting á milli stefndu liggir fyrir sé með öllu ástæðulaust og óheimilt fyrir stefnanda að krefja stefnda Sjóvá um alla fjárhæðina og þar með helmingi hærri fjárhæð en bætur fyrir metið tjón samkvæmt matsgerð.

*Krafa um sýknu á grundvelli þess að lagaskilyrði um endurupptöku eru ekki uppfyllt*

Sönnunarbyrði um að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu stefnanda, og að þær breytingar hafi leitt til verulega hærra örorkustigs, hvíli á stefnanda. Stefnandi hafi ekki sannað að skilyrði 11. gr. skaðabótalaga um endurupptöku séu uppfyllt, þ.e. *Skilyrði endurupptöku er að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola þannig að ætla megi að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður var talið.*

Annað skilyrði þess að 11. gr. eigi við sé að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu stefnanda frá uppgjöri. Þetta ófrávíkjanlega skilyrði sé ekki uppfyllt og því verði endurupptaka málsins ekki byggð á 11. gr. skaðabótalaga. Það sé algjörlega ósannað að versnun á sálíkamlegum einkennum eigi rætur að rekja til umferðarslyssins í apríl 2006. Tíu ár hafi liðið frá slysinu þar til Kristinn Tómasson hafi verið dómkvaddur til að framkvæma mat á stefnanda. Langsótt sé að rekja kvíða og depurð til aftanákeyrslu tíu árum áður, sér í lagi þegar það liggir fyrir að stefnandi hafi allt frá barnæsku glímt við þunglyndi og kvíðaröskun og að auki við áfallastreitu frá 2013, sbr. matsgerð Kristins. Þá hafi breytingar á heilsufari stefnanda ekki verið ófyrirsjáanlegar. Einkenni kvíða, depurðar og þunglyndis séu algengir fylgikvillar langvarandi verkjaástands og slík einkenni séu innifalin í mati á miska vegna líkamlegra einkenna. Fullnaðaruppgjör árið 2007 hafi því náð til þessara einkenna. Það að ekki hafi verið um óvænta versnun að ræða fái stuðning af matsgerð Kristins þar sem segi: *Er hér þannig um óvænta versnun að ræða, sem þó hefði mátt vænta í ljósi þess hve viðkvæmur matsbeiðandi var fyrir.*

Það sé einnig skilyrði samkvæmt 11. gr. skaðabótalaga til þess að mál verði endurupptekið að miska- eða örorkustig sé verulega hærra en áður hafi verið talið.

Samkvæmt matsgerð Kristins sé viðbótarörorka 10% vegna slyssanna árið 2006 og matsmaðurinn meti það svo að hún skiptist jafnt milli slyssins 30. apríl 2006 og slyssins 30. maí 2006. Það sama eigi við um viðbótarmiska, en í matsgerð segi: *[stefnandi] er með alvarleg langvinn einkenni depurðar og kvíða sem falla að staflíð J.3.3. Svær kronisk depression 20% í dönsku miskatöflunni. Ljóst má vera af fyrri sögu [stefnanda] að töluverður hluti þess stafar af fyrri heilsu hans og er því viðbótar miski metinn 10 stig. Miskanum sé einnig skipt milli slyssanna eða 5 stig vegna slyssins 30. apríl 2006 og 5 stig vegna slyssins 30. maí 2006. Í matsgerðum sé ávallt að finna mat matsmannsins á tjóni eða álit hans. Það sé því fullkomlega eðlilegt að matsmaður skipti tjóni með einhverjum hætti að álitum og það feli ekki í sér að um samverkandi tjónsorsakir sé að ræða. Mat á hvoru slysi um sig liggja fyrir og því sé ekkert samverkandi til staðar.*

Hækkun á varanlegum miska og varanlegri örorku um 5% sé ekki veruleg hækkun í skilningi 11. gr. skaðabótalaga. Vísist í þessu sambandi til dómafordæma Hæstaréttar. Af fordæmum sé ljóst að markið um hvað teljist vera veruleg aukning virðist liggja nálægt 10%. Heildarhækkunin á miska og örorku stefnanda vegna beggja slyssanna 2006 samkvæmt matsgerð Kristins sé því á mörkum þess að teljast veruleg. Með því að höfða mál á hendur stefnda Sjóvá og meðstefnda TM saman sé stefnandi að reyna að spyrða þeim saman til þess að ná þessu viðmiði um verulega aukningu. Í skaðabotalögum sé ekkert sem styðji það að leggja megi saman og meta í einu lagi afleiðingar af fleiri en einum tjónsatburði til þess að ná þröskuldi 11. gr. um verulega versnun. Ákvæði 11. gr. skaðabótalaga sé undantekningarregla sem skýra beri þröngt. Viðbótarhækkunin, hvað stefnda Sjóvá viðkomi, sé einungis 5% á grundvelli þeirrar matsgerðar sem stefnandi hafi sjálf aflað og grundvalli málatilbúnað sinn á. Ekki sé því um verulega aukningu að ræða og séu ströng skilyrði 11. gr. skaðabótalaga um endurupptöku ekki uppfyllt.

#### *Varakrafa og mótmæli við vaxtaútreikningi stefnanda*

Stefndi Sjóvá mótmæli vaxta og dráttarvaxtakröfu stefnanda. Í stefnu geri stefnandi kröfu um 4,5% vexti samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga og vísi til dómskjals um útreikning á þeim vöxtum. Í þeim útreikningum séu vextir höfuðstólsfærðir árlega en til þess sé engin heimild lögum samkvæmt. Mótmælt sé dráttarvaxtakröfu frá fyrra tímamarki en dómsuppsögudegi.

#### *Lagarök*

Stefndi Sjóvá vísi til umferðarlaga nr. 50/1987, skaðabótalaga nr. 50/1993 og laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Þá sé vísað til meginreglna skaðabótaréttar til dæmis um sönnun tjóns og endurupptöku skaðabótamála. Einnig sé vísað til laga

nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Um málskostnað sé vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

### **Niðurstaða**

Mál þetta höfðar stefnandi til endurupptöku á ákvörðun um bætur fyrir varanlegan miska og örorku með kröfu um frekari bætur vegna afleiðinga tveggja umferðarslysa. Skilyrði slíkrar endurupptöku er samkvæmt 11. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993, að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola, þannig að ætla megi að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður hafi verið talið. Byggir stefnandi á matsgerð sem hún hefur aflað um að slíkar breytingar hafi orðið á heilsu sinni eftir að stefndu, hvor fyrir sig, greiddu henni bætur vegna umferðarslysanna sem stefndu bera, hvor fyrir sig, bótaábyrgð á. Málsatvik við slysin eru óumdeild og einnig bótaábyrgð stefndu á hvoru slysi fyrir sig.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndu verði dæmdir til greiðslu viðbótarbóta óskipt. Í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 segir að þegar fleiri en einn eigi óskipt réttindi eða beri óskipta skyldu þá eigi þeir óskipta aðild. Stefnandi telur að viðbótartjón hennar hafi orðið af samverkandi orsökum og eigi það að leiða til þess að stefndu beri sameiginlega og óskipta bótaábyrgð á því. Stefnu vísa til þess að tveir ótengdir tjónsatburðir standi að baki kröfugerð stefnanda og beri hvor stefndi um sig aðeins bótaábyrgð á ætluðum afleiðingum hvors slyss um sig. Þeir verði ekki krafðir óskipt um greiðslu bóta vegna afleiðinga beggja slysanna. Fallist er á það með stefndu, einnig með hliðsjón af því hvernig staðið var að tjónsuppgjörum vegna slysanna, að milli þeirra hafi ekki skapast þau tengsl gagnvart stefnanda að grundvöllur geti staðið til óskiptrar skyldu þeirra til greiðslu skaðabóta, og þar með til þeirrar samaðildar sem felst í kröfugerð stefnanda í aðalkröfu. Þessi aðildarskortur til varnar leiðir til sýknu og verða stefndu þegar af þeirri ástæðu, samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, sýknaðir af aðalkröfu stefnanda um að þeir verði dæmdir óskipt til greiðslu bóta.

Stefnandi gerir í varakröfu sinni kröfur, á hendur hvorum stefnda fyrir sig, um frekari bætur á grundvelli niðurstöðu þeirrar matsgerðar sem hún hefur aflað. Af hálfu stefnda Tryggingamiðstöðvarinnar hf. var þess aðallega krafist við dómtöku málsins varðandi varakröfu stefnanda að henni verði vísað frá dómi. Telur stefndi TM að skilyrðum samlagsaðildar samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 sé ekki fullnægt þar sem dómkröfur stefnanda eigi ekki rætur að rekja til neinnar slíkrar sameiginlegrar aðstöðu stefndu að henni sé heimilt að sækja mál á hendur þeim í sama dómsmálinu. Með úrskurði dómsins 31. mars 2017 var kröfum stefndu um að málinu yrði vísað frá dómi hafnað. Í úrskurðinum sagði um þessa málsástæðu stefnda TM að dómkröfur stefnanda væru tilkomnar vegna þeirra kringumstæðna

og þess viðvarandi ástands að varanlegt líkamstjón stefnanda af völdum slyssanna hafi orðið meira en áður var talið. Þessi aðstaða ætti jafnt við um kröfur stefnanda á hendur báðum stefndu og væri þær kröfur sem beint væri að hvorum stefnda um sig því að rekja til þessarar sömu aðstöðu. Ekkert hefur komið fram við meðferð málsins sem breyti þessu áliti dómsins og stendur óhögguð sú niðurstaða hans að uppfyllt sé það skilyrði 1. mgr. 19. gr. laga um meðferð einkamála fyrir samlagsaðild, að kröfurnar eigi rætur að rekja til sömu aðstöðu. Því má sækja kröfur á hendur þeim í sama máli og verður kröfu stefnda TM, um að varakröfu stefnanda verði vísað frá dómi, hafnað.

Varanlegt líkamstjón stefnanda er samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerðum að rekja til slysa sem urðu í apríl og maí árið 2006. Stefndi Sjóvá krefst sýknu m.a. á þeim grundvelli að krafa stefnanda sé fyrnd og vísar um það til 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1997. Samkvæmt því lagaákvæði fynast allar bótakröfur samkvæmt XIII. kafla laganna, bæði á hendur þeim sem ábyrgð ber og váttryggingafélagi, svo og endurkröfur váttryggingafélags, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fynast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. Óumdeilt er, og í samræmi við tölvupóstsamskipti aðila á árinu 2016 áður en til málshöfðunar kom, að stefndi Sjóvá ber ekki fyrir sig fyrningu á grundvelli tíu ára reglunnar. Á hinn bóginn er umdeilt hvenær kröfuhafi hafi fengið vitneskju um kröfu sína og hafi fyrst átt þess kost að leita fullnustu hennar, sem markar upphaf fjögurra ára fyrningarfrestsins. Telur stefndi Sjóvá að öll viðbótareinkenni og breytingar sem stefnandi telji hafa orðið á heilsu sinni hafi verið komin fram í síðasta lagi á árinu 2011 og fyrningarfresturinn hafi því í síðasta lagi byrjað að líða 1. janúar 2012. Krafan hafi því verið fyrnd þegar málið var höfðað 28. október 2016.

Samkvæmt gögnum málsins hefur stefnandi verið í umtalsverðri endurhæfingu sem ekki skilaði árangri, m.a. með sjúkraþjálfun á árinu 2011, endurhæfingu á Reykjalundi sumarið 2013, endurhæfingu hjá VIRK árið 2014 og loks endurhæfingu hjá Þraut frá miðjum maí 2015 fram í miðjan ágúst s.á. með sex vikna hléi. Af þessu má ráða að á þeim tíma sem þessar meðferðir voru reyndar hafi verið gert ráð fyrir því að stefnandi gæti náð frekari bata. Í áverkavottorði John E. G. Benedikz læknis, dags. 5. febrúar 2016, er því lýst að stefnandi hafi verið óvinnufær eftir áverka af þessum tveimur slysum og því er lýst hvernig reynt hefði verið að meðhöndla afleiðingarnar árum saman m.a. síðar en á árinu 2011. Þá kemur þar fram að stefnandi sé greinilega eftir þennan tíma komin með varanleg einkenni og muni ekki hægt að ætla að það verði frekari bati. Ekki verður séð að stefnandi hafi fyrr en með þessu vottorði fengið vitneskju um að ástand hennar

myndi ekki breytast til batnaðar og átti hún þess þá kost að leita fullnustu kröfu um frekari bætur. Samkvæmt þessu var krafa stefnanda ekki fyrnd á þeim grundvelli sem stefndi Sjóvá ber fyrir sig þegar mál þetta var höfðað 28. október 2016.

Varanlegar afleiðingar slysanna hafa nú verið endurmetnar og snýst mál þetta um endurupptöku á fyrri bótauppgjörum stefndu við stefnanda í tilefni af því. Stendur svonefnt fullnaðaruppgjör því ekki í vegi að krefjast megi frekari bóta ef skilyrði 11. gr. skaðabótalaga eru á annað borð fyrir hendi, enda felst í þeim skilyrðum að grundvöllur slíkrar kröfu sé ástand sem verið hafi ófyrirsjáanlegt við slíkt uppgjör. Kemur þá til skoðunar hvort skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt um að ófyrirsjáanlegar breytingar hafi orðið á heilsu tjónþola þannig að ætla megi að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður hafi verið talið.

Matsgerð dómkvadds matsmanns frá 27. september 2016 hefur hvorki verið hnekkt með yfirmati né með öðrum hætti og verða niðurstöður hennar lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Í matsgerðinni eru varanlegar afleiðingar slysanna metnar til 10 miskastiga og 10% varanlegrar örorku til viðbótar við miska og örorku samkvæmt fyrra mati. Í matsbeiðni stefnanda var m.a. spurt um það hvernig viðbótartjóni, ef um það væri að ræða, yrði skipt milli slysanna. Skipti matsmaður því að álitum jafnt á milli tjónsatburðanna þannig að fimm miskastig og 5% varanleg örorka til viðbótar teljist vera auknar afleiðingar hvors slyss um sig. Með matsgerðinni var því slegið föstu að breytingar á heilsu stefnanda frá því að fyrra mat var gert hafi verið ófyrirsjáanlegar og hefur matsmaðurinn staðfest þá niðurstöðu sína fyrir dóminum. Skilyrði ákvæðisins um ófyrirséðar afleiðingar telst samkvæmt þessu vera uppfyllt.

Til stuðnings sýknukröfum sínum vísa stefndu til ítrekaðra dómafordæma Hæstaréttar um að auknar afleiðingar slysa, sem ekki séu umfram 5% varanlega örorku og 5 miskastig, fullnægi ekki áskilnaði 11. gr. skaðabótalaga um verulega hækkun miskastigs eða örorkustigs þannig að skilyrði til endurupptöku geti verið fyrir hendi. Matsmaðurinn bar fyrir dóminum að bæði slys hefðu verið nauðsynleg til að heilsu stefnanda hrakaði í þeim mæli sem niðurstaða matsins ber vitni um, þ.e. um 10 stig varanlegs miska og um 10% varanlegrar örorku. Staðfesti matsmaðurinn jafnframt það sem fram kemur í matsgerð að ekki verði greint á milli áhrifa hvors slyss um sig og því var að álitum auknum miska og örorku skipt að jöfnu milli þeirra.

Dómurinn telur að horfa verði á skilyrðið um að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður var talið með hliðsjón af rétti viðkomandi tjónþola til að krefjast þess að ákvörðun um bætur verði tekin upp að nýju. Þannig þurfi heilsu

tjónþola að hafa hrakað ófyrirséð sem nemi því lágmarki sem dómvenja hefur skapast um að miða við til að miskastig eða örorkustig sé verulega hærra en áður var talið. Heilsa stefnanda hefur samkvæmt matsgerð tekið þeim breytingum frá fyrra mati að þessu marki sé náð. Eins og á stendur í máli þessu kemur það í hlut tveggja aðila, stefndu, að greiða viðbótarbætur í samræmi við metnar afleiðingar slysanna. Ábyrgð hvors stefnda um sig á viðbótartjóninu hefur verið metið og verður greiðsluskyldu á bótum vegna þess skipt á milli stefndu í samræmi við það mat, svo sem krafist er í varakröfu stefnanda.

Samkvæmt 16. gr. skaðabotalaga bera skaðabætur fyrir varanlegan miska vexti frá því að tjón varð og bætur fyrir varanlega örorku bera vexti frá upphafsdegi metinnar örorku. Vextir eru samkvæmt ákvæðinu 4,5% á ári. Fyrningartími vaxta er fjögur ár, en fyrningu var slitið með höfðun málsins 28. október 2016. Við útreikning á bótakröfu sinni hefur stefnandi reiknað 4,5% ársvexti á fjögurra ára tímabili fyrir höfðun málsins, þannig að vextir bætist árlega við höfuðstól, svo sem mælt er fyrir um í 12. gr. laga nr. 38/2001. Í því lagaákvæði segir að sé vaxtatímabil lengra en tólf mánuðir, án þess að vextir séu greiddir, skuli þeir lagðir við höfuðstól og vextir reiknaðir af nýjum höfuðstól. Þetta megi þó ekki gera oftár en á tólf mánaða fresti, nema um sé að ræða innlánsreikninga lánastofnana. Stefndu gera ekki tölulegar athugasemdir við útreikning stefnanda en mótmæla þessari aðferð og telja ekki standa lagaheimild til árlegrar höfuðstólsfærslu vaxta. Vextir séu ekki meðal þeirra bótaþátta sem greiða skuli vegna líkamstjóns samkvæmt 1. gr. skaðabotalaga. Við málflutning kom fram að stefndu telji að um vexti á bætur vegna líkamstjóns gildi sérregla 16. gr. skaðabotalaga, sem þá víki til hliðar almennu ákvæði 12. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Við skýringu á síðastnefndu ákvæði er til þess að líta að í athugasemdum með 12. gr. í frumvarpi til vaxtalaga segir að ætlunin sé að mæla ótvírætt fyrir um að aðalreglan verði sú að heimilt sé að leggja almenna vexti við höfuðstól kröfu við útreikning vaxta. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 288/2015 segir um ákvæðið að það sé almennt í þeim skilningi að það taki til hvers konar almennra vaxta og dráttarvaxta og sé gildissvið þess ekki bundið við að krafa sú sem beri vexti sé í vanskilum og í dómi Hæstaréttar í máli nr. 69/2010 segir að ekki sé heimilt að færa vexti við höfuðstól skaðabóta á annan veg en mælt sé fyrir um í 12. gr. laga nr. 38/2001. Í frumvarpinu sem varð að skaðabotalögum nr. 50/1993 kom fram í athugasemdum um 16. gr. þess að gert væri ráð fyrir að tjónþoli eigi rétt á vaxtavöxtum þegar vextir væru reiknaðir eftir þessari grein. Ekki verður ráðið af lögskýringargögnum að ætlunin hafi verið að breyta þessu þegar lagaákvæðinu var þannig breytt með lögum nr. 37/1999 að vextir urðu fastir 4,5%, heldur virðist hafa verið gert ráð fyrir því að þessir vextir bættust við höfuðstól árlega. Í ritinu

Skaðabótaréttur eftir Viðar Má Matthíasson frá árinu 2005 kemur m.a. fram að í þessu felist að vextir verði í raun hærri en 4,5% ef tímabilið sem kröfurnar bera vexti verður mjög langt. Að þessu virtu verður talið að stefnanda hafi verið heimilt að höfuðstólsfæra 4,5% vexti samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga árlega í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Stefndu mótmæla upphafstíma dráttarvaxta sem stefnandi krefst frá 1. nóvember 2016. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 skulu skaðabótakröfur bera dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Dómstólar geta þó, ef sérstaklega stendur á, ákveðið annan upphafstíma dráttarvaxta. Kröfubréf var sent til beggja stefndu 6. október 2016. Matsgerð hins dómkvadda matsmanns lá þó fyrir 27. september 2016, en stefndu voru aðilar að matsmálinu ásamt stefnanda. Samkvæmt gögnum málsins hafnaði stefndi Sjóvá kröfu stefnanda um endurupptöku ákvörðunar bóta með tölvupósti 30. september 2016. Af þeim tölvupósti verður ráðið að stefndi Sjóvá taldi sig þá hafa haft nægar upplýsingar um kröfuna til að geta tekið afstöðu til hennar. Að þessu virtu og með vísun til 9. gr. laga nr. 38/2001 verður fallist á að kröfur stefnanda beri dráttarvexti frá 1. nóvember 2016 svo sem krafist er.

Að virtu því sem hér hefur verið rakið verður fallist á varakröfu stefnanda svo sem nánar greinir í dómsorði.

Stefnanda hefur verið veitt gjafsókn og greiðist allur gjafsóknarkostnaður hennar því úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Ólafs Kjartanssonar hdl., sem ákveðin er 1.600.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Við ákvörðun þóknunar hefur verið tekið tillit til málflutnings um frávísunarkröfur stefndu. Með vísun til 1. mgr. 130. gr. og 4. mgr. 128. gr. laga nr. 91/1991 verður stefndu gert að greiða málskostnað sem renni í ríkissjóð, að fjárhæð 1.600.000 krónur.

Dóminn kveður upp Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari.

## **D Ó M S O R Ð**

Stefndu eru sýknir af aðalkröfu stefnanda um óskipta greiðsluskyldu. Hafnað er kröfu stefnda Tryggingamiðstöðvarinnar hf. um að varakröfu stefnanda verði vísað frá dómi.

Stefndi, Tryggingamiðstöðin hf., greiði stefnanda, A, 2.732.610 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. nóvember 2016 til greiðsludags.

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, A, 2.732.610 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. nóvember 2016 til greiðsludags.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Ólafs Kjartanssonar hdl., 1.600.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Stefndu greiði 1.600.000 krónur í málskostnað sem renni í ríkissjóð.

Kristrún Kristinsdóttir